

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/1996 um skilafresti launaskýrslna o.fl. gagna samkvæmt 92. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Samkvæmt lokamálsgrein 93. gr. nefndra laga hefur skilafrestur eftirtalinnna gagna, sem skila ber á árinu 1996 vegna greiðslna o.fl. á árinu 1995, verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til og með 21. janúar 1996:

1. Launamiðar ásamt almennu launaframtali. Á launamiðum komi meðal annars fram greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu.
2. Hlutfjármiðar ásamt samtalningsblaði.
3. Stofnsjóðsmiðar ásamt samtalningsblaði.
4. Bifreiðahlunnindamiðar ásamt samtalningsblaði.
5. Greiðslumiðar vegna lífeyrisgreiðslna, tryggingabóta o.þ.h.

II. Til og með 20. febrúar 1996:

1. Afurða- og innstæðumiðar ásamt samtalningsblaði.
2. Sjávarafurðamiðar ásamt samtalningsblaði.

III. Til og með 15. maí 1996:

Gögn frá lífeyrissjóðum þar sem sundurliðuð er greiðsla iðgjalda sjóðsfélaga.

IV. Til og með síðasta skiladegi skattframtala 1996, sbr. 1.-4. mgr. 93. gr. nefndra laga:

1. Greiðslumiðar yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. sömu laga.
2. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum þar sem fram koma upplýsingar varðandi samninga sem eignarleigufyrirtæki, sbr. II. kafla laga nr. 19/1989, hafa gert og í gildi voru á árinu 1995 vegna fjármögnunarleigu eða kaupleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði er eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.

Ofangreind gögn skulu fyllt út og árituð eftir formi sínu. Æskilegt er, en þó í samráði við skattstjóra, að upplýsingum á launamiðum sé skilað á tölvulæsum segulmiðli.

Reykjavík, 1. janúar 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.